



Handverkshátíð 2010

í Eyjafjarðarsveit 6.-9.ágúst 2010

Handverkshátíð við Hrafnagilsskóla verður haldin dagana 6.-9.ágúst. Hátíðin á sér nú 18 ára langa sögu og heilmiklar breytingar voru gerðar á síðasta ári. Íbúar Eyjafjarðarsveitar komu mikið að framkvæmd hátíðarinnar og þóttu breytingarnar lukkast vel. Skýrustu merki þess var sá mikli fjöldi gesta sem sótti hátíðina.

Tilraun var gerð með breyttan opnunartíma í fyrra og í stað þriggja daga var opið í fjóra daga frá föstudegi til mánudags. Þetta var gert með það fyrir sjónum að gríðarlegur fjöldi fólks er á Norðurlandi þessa helgi og heimafólk í Eyjafirði hefur ekki átt heimangengt yfir helgina sökum anna. Ferðafólk og heimamenn eiga því möguleika á að sækja hátíðina heim á mánudeginum. Þessi tilraun gekk framár öllum vonum og það var margt um manninn á mánudeginum í fyrra. Þessi háttur verður því líka viðhafður í ár. Opnunartími verður því frá kl. 12-19 föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag. Aðgangseyrir mun áfram gilda alla helgina og það hefur mælst einstaklega vel fyrir. Dæmi voru um að gestir komu alla daga hátíðarinnar síðustu ár og var það mjög söluhvetjandi fyrir sýnendur. Mjög gott samstarf hefur verið við Fiskidaginn mikla sem er einmitt haldinn sömu helgi ár hvert. Þess má geta að Fiskidagurinn mun fagna 10 ára afmæli sínu í ár. Mikilvægt er að byggja upp sölusýningu á listmunum á landsbyggðinni, skapa gott orðspor og höfða til allra þeirra innlendu og erlendu ferðamanna sem eru á faraldsfæti þessa helgi á Norðurlandi. Svo vel eigi að vera þarf virka þátttöku fólks á sviði lista, gæðahandverks og hönnunar. Því hefur verið skipuð sérstök valnefnd sem leggur mat á umsóknir og velur þátttakendur inn á hvert svæði fyrir sig.

Umsækjendur geta nú valið milli þess að sækja um sölubás á 600 fm sýningarsvæði í íþróttasal, taka þátt í verksvæði/workshop sem nú verður innandyra, eða senda muni sína í Krambúð. Umsækjendum er frjálst að sækja um fleiri en einn möguleika.

**Sölubás :**

Sölubásar verða mismunandi að stærð og lögun, þeir minnstu 4 fm. Þátttakendum er frjálst að vera með sem einstaklingur eða hópur. Góðar ljósmyndir af munum, eða sýnishorn ef ljósmyndir eru ekki fyrir hendi skulu fylgja umsókn um sýningarbás.

Verksvæði :

Hver aðili fær vinnusvæði til afnota þar sem aðgangur er að rafmagni. Hægt er að sækja um einn dag eða alla dagana. Látið koma fram hvaða dag er sótt um ef einungis er sótt um einn dag. Markmið með verksvæði er að kynna almenningi notkun hráefnis, verklag og vinnu á listmunum.

Krambúð :

Krambúðin verður sýnilegri og henni er ætlað að endurspegla fjölbreytta flóru listhandverks í fallega framsettu formi. Krambúðin verður á stóru svæði og auglýst sérstaklega.

Opnunartímar hátíðar :

Föstudagur 6.ágúst 12-19
Laugardagur 7.ágúst 12-19
Sunnudagur 8.ágúst 12-19
Mánudagur 9.ágúst 12-19

Umsóknir skulu berast fyrir 10. júní næstkomandi. Ljósmyndir af söluvörum og lýsing skulu fylgja umsókn. **Valnefnd mun gefa sér 2 vikur til úrvinnslu.** Mikilvægt er að umsóknir séu vel úr garði gerðar því kynningarefni í tengslum við hátíðina verður unnið út frá upplýsingum umsókna.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.handverkshatid.is með tölvupósti dorothea@itn.is og í síma 864-3633.

Handverkshátíð 2010
Dóróthea Jónsdóttir framkvæmdastjóri